

Fréttablað janúar

Gleðilegt ár



Starfsmannamál

Anna Lísá hefur verið ráðin tímabundið á Dvergaheima í staðinn fyrir Dís sem fer í fæðingarorlof í febrúar. Annalyn hefur verið ráðinn á Álfaheima í 50% starf fyrir hádegi.

Jólaball

Jólaballið tókst vel og var gaman hvað margir foreldrar sáu sér fært að mæta. Við fengum líka í heimsókn á jólaballið fólk frá dagvistinni á 9unni. Var því fólk á öllum aldri sem skemmti sér vel. Hljómsveitin stóð sig vel eins og alltaf undir stjórn Gests. Tveir jólasveinar komu líka og færðu börnunum jólagjöf og dönsuðu með okkur í kringum jólatréð.

Grænfáni

Þann 15. desember kom fulltrúi frá Landvernd og afhenti leikskólanum Grænfána fyrir verkefnið Lýðheilsu. Erum við gríðarlega ánægð að vera búin að ná okkar markmiðum hvað varðar lýðheilsu. Undir lýðheilsuna fellur okkar frábæra starf varðandi hreyfingu, útiveru, hollt mataræði og vellíðan. Héldum við uppá daginn með því að draga fána að húni.

Kakóstund

Einn morgun rétt fyrir jólin gerði Rabbi heitt súkkulaði sem við drukkum úti og fengum piparkökur með. Þetta var mjög hugguleg stund í sólarupprásinni að sitja úti í kuldanum og hlýja sér á heitu súkkulaði. Þetta var skemmtileg tilbreyting og verður örugglega endurtekið.

Bóndadagurinn

Eins og undanfarin ár verður feðrum og öfum boðið í þorramat á bóndadaginn 19. janúar. Maturinn hefst kl. 11.30 og væri gaman að sjá sem flesta. Börnin búa sér til þorrahatta til að vera með á þessum degi.

Foreldraviðtalsdagur og starfsdagur

Miðvikudaginn 24. janúar er foreldraviðtalsdagur í leikskólanum og þá mæta foreldrar í foreldraviðtal á fyrirfram gefnum tíma sem deildarstjóri er búin að úthluta hverjum og einum. Mikilvægt er að foreldrar láti viti í tíma ef tíminn er ekki að henta. Börnin eru velkomin með foreldrum sínum. Fimmtudaginn 25. janúar er starfsdagur án nemenda.

Vika 1.-6. janúar

4. jan. Íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði. 5. jan. söngstund 5. jan. fjólublár litadagur allir að muna eftir að koma í einhverju fjólubláu eða með eitthvað fjólublátt á sér.

Vika 7.-13. janúar

9. jan. fá Álfa-og Dvergaheimar heimsókn frá Félagi eldri borgara í Ölfusi sem lesa eða segja sögur fyrir nemendum.

11. jan. eru íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
12. jan. er rugldagur opið á milli deilda milli kl. 10-11.
12. jan. er umhverfisnefndarfundur kl. 10.

Vikan 14.-20. janúar

18. jan. íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
19. jan. söngstund
19. jan. bóndadagur feðrum og öfum er boðið í heimsókn í hádegismat kl. 11.30.

Vikan 21.-27. janúar

24. jan. foreldraviðtalsdagur, leikskólinn lokaður
25. jan. er starfsdagur kennara, leikskólinn er lokaður.

Með nýárskveðju
Elsa aðstoðarleikskólastjóri